

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 15. desember 2021

Mætt: Jón Gabríel R. Marteinson og Una Karen Guðmundsdóttir úr 10. bekk, Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir (Lilla) og Luka Glisovic úr 9. bekk, Gunnar Bjarki Hrannarsson og Emma Katrín Helgadóttir úr 8. bekk, Ásta Ólöf Jónsdóttir og Helgi Sigurjón Gíslason úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla um ytra mat í Árskóla og kynning á stjórn nemendafélagsins á nýju ári.
- Önnur mál

Deildarstjóri fór yfir helstu niðurstöður úr skýrslu um ytra mat í Árskóla. Þessar niðurstöður varða stjórn nemendafélagsins. Í skýrslunni kom fram að kynna þyrfti nemendum skólans hlutverk og störf stjórnarinnar. Niðurstaðan er sú að fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins heimsækja alla árganga skólans í janúar. Fulltrúar í stjórninni skrifuðu tölvupóst til umsjónarkennara í 8.-10. bekk. Deildarstjóri unglíngastígs mun senda tölvupóstinn áfram og skipuleggja heimsóknirnar í samstarfi við kennarana. Lagt verður upp með um 10 mínútna kynningar.

Undir liðnum önnur mál voru eftirfarandi mál rædd:

- a) Nemendur ítreka óskir sínar um borðtennisborð á Þekjuna
- b) Rætt um hvort hægt væri að setja upp *ledborða* á ganginn á Þekjunni
- c) Ábending um að setja upp snaga fyrir föt nemenda á körfuboltavelli fyrir framan skólann
- d) Ábending um að laga þurfi háa netið á gervigrasvellinum við skólann

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg